

Brjef atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins til sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu, um takmörk verslunarlóðarinnar í Skildinganesi við Skerjafjörð. **62**
11. maí

Með brjefi, dags. 28. f. m., hafið þjer, herra sýslumaður, sent hingað tillögur sýslunefndarinnar í Kjósarsýslu viðvíkjandi takmörkum verslunarlóðarinnar í Skildinganesi við Skerjafjörð, ásamt uppdrætti af hinni fyrirhuguðu verslunarlóð.

Útaf þessu er hjermeð, samkvæmt lögum nr. 61, 10. nóv. 1905, takmörk svæðis þess, sem reisa má á verslunarhús í Skildinganesi, sett eftir framangreindum tillögum og uppdrætti, svo sem hjer segir:

Bein stefna frá uppsprettunni Mígandi við Skerjafjörð í austur-enda hins sameiginlega þvervegur Skildinganeseiganda eins og hann er ákveðinn á uppdrætti þeim, sem lagður var til grundvallar við undir- og yfirskifti Skildinganess 1916 og 1917. Síðan ræður til vesturs þvervegurinn sjálfur, þangað til hann kemur í veginn frá Skildinganesi til Reykjavíkur. Því næst ræður sá vegur að landamerkjum Skildinganess og Reykjavíkur. Þar eftir ráða þau landamerki niður í Skerjafjörð, en að öðru leyti ræður Skerjafjörður meðfram ofangreindu svæði.

Jafnframt því að tilkynna yður þetta til frekari birtingar, skal fyrir yður lagt að sjá um, að eitt eintak af hinum framangreinda uppdrætti verði geymt við skjöl hlutaðeigandi hrepps, og að hreppsnefndin láti setja og halda við á hreppssjóðs kostnað glöggum merkjum á takmörkum verslunarlóðarinnar, þar sem takmörkin eru ekki glögg af náttúrunnar hendi.

Brjef atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins til oddvitans í Geithellnahreppi um takmörk verslunarlóðarinnar í Djúpavogskauptúni. **63**
6. okt.

Með brjefi, dags. 20. ágúst þ. á., hafið þjer, herra hreppsnefndaroddviti, sent hingað tillögur sýslunefndarinnar í Suður-Múlasýslu viðvíkjandi takmörkun verslunarlóðarinnar fyrir Djúpavogskauptún, ásamt uppdrætti af hinni fyrirhuguðu verslunarlóð.